

**Nd.**

**965. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Skúli Thoroddsen, þm. Norður-Ísafirðinga.

1. gr.

Að Höfn í Sljettuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar Stjórnarráð Íslands hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, sbr. lög nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

**Fylgiskjal.**

Ráðherra Íslands!

Ísafirði, 12. sept. 1915.

Á jörðinni Höfn Hornvík hefir verið rekin sveitaverslun yfir 20 ár, þar er skipalagi sæmilegt og má þar með nokkrum kostnaði verða ágæt sumarhöfn fyrir sildveiði og fiskiveiðar sem mjög er stunduð á því svæði. Verið er að stofna fjelag til slíks veiðiskapar frá nefndri höfn. Með því það getur orðið til stórskada fyrir landssjóð og einstaka menn að löggilding dragist til næsta þings, óska jeg að löggildingin verði afgreidd frá þessu þingi. Eigandi jarðarinnar er sýslumaður Magnús Torfason.

(Simskeyti frá sýslumanninum í Ísafj.sýslu).